

**Nd.**

**58. Framvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga um fræðslu barna, 22. nóv. 1907, og laga um breyting á þeim lögum, 24. sept. 1918, og laga um skipun barnakennara og laun þeirra, 28. nóv. 1919.

Fra fjárveitinganefnd.

1. gr.

Framkvæmd á lögum um fræðslu barna, 22. nóv. 1907, og á lögum um breyting á þeim lögum, 24. sept. 1918, og á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, 28. nóv. 1919, skal skotið á frest þar til er öðruvíis verður ákveðið.

## 2. gr.

Meðan svo stendur skulu heimilin annast fræðslu barna til staðfestingaraldurs, með umsjá og eftirliti prests, enda má hann eigi staðfesta barn, nema það hafi þá kunnáttu, sem til er skilin í 2. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, 1.—4. lið. Nú vill maður eigi láta staðfesta barn, og skal hann þá skyldur að sanna fyrir presti, að börn hans hafi þessa þekking, ella sæta 500—1000 kr. sekt til landssjóðs. Skulu þau mál rekin sem almenn lögglumál.

## 3. gr.

Húsvitjunarferðir þær, er getur í tilsk. 27. maí 1746, skal prestur fara í nóvemberm. hinna fyrri og hafa lokið hinni síðari fyrir miðjan aprilmánuð. Í hinni fyrri ferð skal hann leiðbeina heimilum og kennurum þeirra um kensluna, hvað og hvern veg skal kenna. Í hinni síðari skal hann athuga, hvort kenslan sje fullnægjandi. Nú þykir honum nauðsyn bera til að flytja barn af heimili þess, sakir vanrækslu, og er honum þá rjett að gera það á kostnað þeirra, er barnið eiga að annast.

## 4. gr.

Nú getur maður eigi goldið kostnaðinn, er barn er tekið af heimili hans til kenslu, og skal þá dvalarhreppur greiða kostnaðinn, en eigi skal telja það sveitarstyrk.

## 5. gr.

Þar, sem barnaskólar verða eftir sem áður í bæjum og kaupúnum, skulu kennarar hafa af skólahjeruðunum sömu laun, sem þeim eru ákveðin í lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, 28. nóv. 1919.

## Á s t æ ð u r .

Þessar eru ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem hjer segir:

1. Töluvert fje mundi losna til þess að styrkja unglíngaskóla í sýslum landsins og láta alþýðu njóta lærdóms á þeim aldri, er nefndin telur vænlegri til þroska en skólaskyldualdur þann, sem nú er.
2. Skyldan og viðleitnin við að sjá um fræðslu barna til staðfestingar er að hyggju nefndarinnar heimilunum svo mikill menningarvaki, að nefndin telur það óbætanda tjón, ef hann skal falla niður til lengdar.
3. Kerfi það, sem nú er, má eigi festast, og er allilt, að þetta frumvarp kom eigi fram fyrir nokkrum árum.

Nefndin telur sjálfsgagt, að barnaskólar, er væntanlega verða jafnt sem áður í bæjum og kaupúnum, gjaldi kennurum svo gott kaup, að þeir missi einskis í. Og enn telur nefndin landsstjórn og hjeradsstjórnnum skylt að fá þeim mönnum aðra jafngóða atvinnu, er kynnu að verða atvinnulausir sakir þessarar ráðstöfunar.

Nefndin hefir í hyggju að auka nú þegar styrk til unglingskóla að mun,  
og gætu nokkrir fengið þar atvinnu.  
Nánara í framsögu.